



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 11. mars 2020 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Inga Rós Sævarsdóttir varamaður og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Kristín B. Leifsdóttir boðaði forföll.

Halldór G. Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir störf sín frá síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

2. Sala fasteigna í eigu sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lágu þinglýstir kaupsamningar eftirfarandi eigna sem sveitarfélagið setti á sölu árið 2019:

Mánabraut 1 / fasteignanúmer F2138924

Mánabraut 3 / fasteignanúmer F2138926

Suðurvegur 24 / fasteignanúmer F2139022

Sveitarstjórn staðfesti kaupsamningana samhljóða.

Þá veitti sveitarstjórn sveitarstjóra heimild til þess að annast sölu eftirfarandi eigna:

Mánabraut 5 / fasteignanúmer F2138928

Mánabraut 7 / fasteignanúmer F2138931

3. Ökuhraði í sveitarfélaginu

Breyta þarf ökuhraða í sveitarfélaginu vegna breytinga á umferðalögum nr. 77/2019 en skv. 37. gr. þarf að tilgreina hámarkshraða í heilum tugum. Hámarksökuhraði í sveitarfélaginu er í dag 35 km/klst. Sveitarstjórn ræddi málið. Samþykkt var að breyta



hámarksökuhraða í sveitarfélaginu í 40 km/klst og var sveitarstjóra falið að annast framkvæmdina.

4. Bréf

a. Lárusar Ægis Guðmundssonar dags. 30.01.2020

Fyrir fundinum lá erindi Lárusar Ægis Guðmundssonar þar sem reifuð er viljayfirlýsing sem Brim ehf. og Fisk eignarhaldsfélag ehf. skrifuðu undir vegna kaupa Fisk á Skagstrendingi hf. árið 2004. Með erindinu er sveitarstjórn m.a. hvött til þess að ræða við forsvarsmenn Fisk Seafood varðandi efni viljayfirlýsingarinnar. Sveitarstjórn ræddi erindið og fram kom að sveitarstjóri og oddviti hafi undanfarin misseri átt í samskiptum við forsvarsmenn Fisk Seafood. Erindið var til kynningar.

b. Unicef dags. 30.01.2020

Með erindinu er kynnt verkefnið „Barnvæn sveitarfélög“ sem er líkan sem miðar að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna inn í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Auglýst er eftir umsóknum áhugasamra sveitarfélaga á þátttöku í verkefninu. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra að kanna forsendur fyrir þátttöku.

c. Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga dags. 10.02.2020

Með erindinu er óskað eftir yfirliti yfir fjárfestingar ársins 2019 og framvindu áætlaðra verkefna. Er upplýsingaöflun liður í almennu eftirliti eftirlitsnefndarinnar sem felur í sér að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga sé í samræmi við lög og reglur. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

d. Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 27.02.2020

Með erindinu er kynnt áætluð námsferð til Bergen vegna sameininga sveitarfélaga. Erindið var til kynningar.

e. Stjórnar Nes listamiðstöðvar dags. 02.03.2020

Með erindinu er tilkynnt að á fundi stjórnar Nes listamiðstöðvar þann 27. febrúar sl. hafi m.a. verið tekin til umfjöllunar styrkveiting Uppbyggingasjóðs Norðurlands vestra til verkefnisins „Þróun og stefnumótun Nes listamiðstöðvar“. Verkefnið felur



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

m.a. í sér að skipaður verði starfshópur af hálfu listamiðstöðvarinnar og sveitarfélagsins til þess að hafa framgöngu um verkefnið og tryggja framkvæmd þess. Listamiðstöðin samþykkti á fundi sínum að tilnefna Magnús B. Jónsson og Hrafnhildi Sigurðardóttur í starfshópinn. Þá var óskað eftir því að sveitarfélagið tilnefni tvo aðila til hópsins. Sveitarstjórn samþykkti að tilnefna Guðmund Egil Erlendsson og Halldór G. Ólafsson í hópinn.

f. Ólafs R. Ingibjörnssonar dags. 05.03.2020

Með erindinu óskar Ólafur R. Ingibjörnsson eftir því að fá leigðan svokallaðan hestaflóa frá byrjun apríl og fram til 10. júlí. Í erindinu kemur fram að hann hafi komið á fót vísi að æðarvarpi sem hann hefur unnið að síðustu 5 árin. Sveitarstjórn ræddi erindið og fram kom að sveitarfélagið hafi tileinkað landsvæðið til skógræktar og því ekki hægt að fá það leigt. Var sveitarstjóra þó falið að ganga til viðræðna við Ólaf um nýtingarrétt að auðlindinni á landsvæðinu.

g. Samtaka sveitarfélaga Norðurlandi vestra dags. 06.03.2020

Með erindinu er boðið til 28. ársþings Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra dagana 17. og 18. apríl nk. Erindið var til kynningar.

5. Fundargerðir

a. Siglingaráðs dags. 5. desember 2019

Fundargerð var til kynningar

b. Sameiningarnefndar A-Hún. dags. 25. febrúar 2020

Fundargerð var til kynningar

c. Félags- og skólaþjónustu A-Hún dags. 27. febrúar 2020

Fundargerð var til kynningar

d. Stjórnar SSNV dags. 3. mars 2020

Fundargerð var til kynningar



Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

e. Hafnasambands Íslands dags. 26. febrúar 2020

Fundargerð var til kynningar

f. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. febrúar 2020

Fundargerð var til kynningar

6. Önnur mál

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir undir þessum lið og var fundi slitið kl. 10:20

Halldór G. Ólafsson

Róbert Kristjánsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir

Guðmundur Egill Erlendsson

Alexandra Jóhannesdóttir